

19. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn þriðjudaginn 21. október 2021 kl. 17:00 í fjarfundi og ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun umhverfismála 2022.**
- 2. Gjaldskrá vegna meðhöndlun úrgangs.**
- 3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála, kynning**

1. Fjárhagsáætlun umhverfismála 2022.

Sveitarstjóri kynnti málið og fór yfir helstu tölur. Málaflokkurinn er erfiður, þá sérstaklega sorpmálin, og þarf að halda þétt á spöðunum en hefur gengið ágætlega að halda áætlun. Engu að síður er enn tap fyrirséð á rekstrinum og gert ráð að tapið verði svipað og árið áður. Ekki er gert ráð fyrir stórum breytingum milli ára, en þó er til fjármagn til að halda umhverfi hreppsins fögru. Stórar fjárfestingar bíða enn um sinn. Rætt um að malbika að gámasvæði.

2. Gjaldskrá vegna meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjóri kynnti og fór yfir drög að gjaldskrá fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir 3% hækkun á gjaldskrá á hirðu en eyðingin hækki um 6%. Breyting varð þegar Terra byrjaði að sjá um sorphirðu og þeir geta ekki hirt midigáma og verður því hætt að bjóða uppá midigáma á leigu. Nefndin samþykkir gjaldskrárnar með fyrirvara vegna umræðu á fundinum.

3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála, kynning.

Sveitarstjóri kynnti nefndinni stöðu fráveitumála og hvernig þau standa.

Fundi slitið 18:10